

BORGARRÁÐ 21. september 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um álit borgarlögmans um hæfi borgarfulltrúans Magnúsar Davíðs Norðahls – MSS22060124

Líkt og fram kom í fjölmiðlum í gær, 20. september, er það áhyggjuefni að borgarfulltrúinn Magnús Davíð Norðdal, formaður mannréttinda og ofbeldisvarnarráðs og nefndarmaður í velferðarráði hafi leitast við að dylja hagsmuni sína í málefnum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd með því að geta þess í engu að hann sé launaður fyrirsvarsmaður fólks í þeirri stöðu. Borgarfulltrúinn getur trauðla setið í þeim tveim ráðum Reykjavíkurborgar sem fjalla hvað mest um málefni þess fólks. Óskað er því eftir álit borgarlögmans um hæfi borgarfulltrúans og hvort eðlilegt sé að skipa borgarfulltrúann í þá stöðu að draga megi óhlutdrægni hans í efa. Því markmið okkar hlýtur að vera að stuðlað sé að vandaðri ákvörðunartöku, trúverðugleika og því að stjórnýsla sveitarfélagsins sé hlutlæg og málefnaleg.